

Söngdagskrá Ísaksskóla 2024-2025

Jólin 2024

2. – 6. desember

Kirkjuferð 4. desember

Við kveikjum öðru kerti á

Nóttin var sú ágæt ein

Hátíð fer að höndum ein

Jólin eru að koma

Það á að gefa börnum brauð

Jólakötturinn

9. – 13. desember

Jólasveinahúfudagur 13. desember

Við kveikjum þriðja kerti á

Ég sá mömmu kyssa jólasvein

Heims um ból

Nóttin var sú ágæt ein

Jólin eru að koma

Hátíð fer að höndum ein

16. – 20. desember

Jólatrésskemntanir 20. desember

Nú er Gunna á nýju skónum

Jólasveinar ganga um gólf

Jólasveinar einn og átta

Babbi segir

Göngum við í kringum

Í skóginum stóð kofi einn

Adam átti syni sjö

Gekk ég yfir sjó og land

Ég sá mömmu kyssa jólasvein

Heims um ból



Það á að gefa börnum brauð

Lag: Jórunn Viðar

Ljóð: Gömul þula

Það á að gefa börnum brauð

að bíta í á jólunum,

kertaljós og klæðin rauð

og klæðin rauð og klæðin rauð

svo komist þau úr bólunum.

Væna flís af feitum sauð

sem fjalla gekk á hólunum.

Nú er hún gamla Grýla dauð,

gafst hún upp á rólunum.

Nú er hún gamla Grýla dauð

og Grýla dauð og Grýla dauð,

gafst hún upp á rólunum.

Jólakötturinn

Lag: Ingibjörg Þorbergsdóttir

Ljóð: Jóhannes úr Kötlum

Þið kannist við jólaköttinn,

- sá köttur var gríðarstór.

Fólk vissi ekki hvaðan hann kom

eða hvert hann fór.

Hann glennti upp glyrnurnar sínar,

glóandi báðar tvær.

- Það var ekki heiglum hent

að horfa í þær.

Kamparnir beittir sem broddar,
upp úr bakinu kryppan há,
- og klærnar á loðinni löpp
var ljótt að sjá.

Hann veifaði stélinu sterka,
hann stökk og hann klóraði og blés,
- og var ýmist uppi í dal
eða úti um nes.

Við kveikjum einu kerti á

Lag: Emmy Köhler
Ljóð: Sigurd Muri
Þýðing: Lilja S. Kristjánsdóttir

Spádómskertið

Við kveikjum einu kerti á.
Hans koma nálgast fer
sem fyrstu jól í jötu lá
og Jesúbarnið er.

Betlehemskerðið

Við kveikjum tveimur kertum á
og komu bíðum hans,
því Drottinn sjálfur soninn þá
mun senda í líking manns.

Hirðakerðið

Við kveikjum þremur kertum á,
því konungs beðið er,
þótt Jesús sjálfur jötu og strá
á jólum kysi sér.

Englakertið

Við kveikjum fjórum kertum á.
Brátt kemur gesturinn
og allar þjóðir þurfa að sjá,
að það er frelsarinn.

Hátíð fer að höndum ein

Íslenskt þjóðlag
Gömul þjóðvísa

Hátíð fer að höndum ein,
hana vér allir prýðum.
Lýðurinn tendri ljósin hrein,
líður að tíðum,
líður að helgum tíðum.

Gerast mun nú brautin bein
bjart í geiminum víðum
ljómandi kerti' á lágri grein
líður að tíðum
líður að helgum tíðum.

Nóttin var sú ágæt ein

Lag: Sigvaldi S. Kaldalóns
Ljóð: Einar Sigurðsson frá Eydölum

Nóttin var sú ágæt ein,
í allri veröld ljósið skein,
það er nú heimsins þrautarmein
að þekkja hann ei sem bæri.
∴ Með vísnaðsöng
ég vögguna þína hræri. ∴

Fjármenn hrepptu fögnuð þann,
þeir fundu bæði Guð og mann,
í lágan stall var lagður hann,
þó lausnari heimsins væri.
∴ Með vísnaðsöng
ég vögguna þína hræri. ∴



Jólin eru að koma

Lag og ljóð: Einar Örn Jónsson

:Í kvöld jólin er'að koma:

Aðfangadagur - ég bíð eftir
jólunum spenntur
mamma segir að jólasveininn sé lentur
og hann kemur í kvöld
með gjafir handa mér
á nálum nú ég er
því jólin eru að koma í kvöld.

:Í kvöld jólin er'að koma:

Aðfangadagur - mig dreymir um
gjafir í baði
mamma segir ég þurfi að þvo mér
með hraði
því röðin er löng
og næst á eftir mér
er pabbi að flýta sér
því jólin eru að koma í kvöld

:Í kvöld jólin er'að koma:

Og þó ég þekki jólaboðskapinn
um frið og kærleik hér á jörð
þá er sannleikurinn sá
ég gjafir verð að fá
því jólin eru að koma í kvöld

:Í kvöld jólin er'að koma:

Aðfangadagur og ljósin lýsa upp bæinn
ég er búinn að bíða liðlangan daginn
en tíminn er kyrr
og nú koma þau á ný
ég fæ aldrei nóg af því
jólin er'að koma
jólin er'að koma
jólin eru að koma í kvöld.

:Í kvöld jólin er'að koma:

Heims um ból

Lag: Franz Gruber

Texti: Sveinbjörn Egilsson

Heims um ból, helg eru jól,
signuð mæ'r son Guðs ól,
frelsun mannanna, frelsisins lind,
frumglæði ljóssins, en gjörvöll mannkind
:/: meinvill í myrkrunum lá :/:

Heimi í hátíð er ný.
Himneskt ljós lýsir ský.
Liggur í jötunni lávarður heims,
lifandi brunnur hins andlega seims,
:,: konungur lífs vors og ljóss. :,

Heyra má himnum í frá
englasöng: Allelújá.
Friður á jörðu því faðirinn er
fús þeim að líkna, sem tilreiðir sér
:,: samastað syninum hjá. :,:

Ég sá mömmu kyssa jólasvein

Lag og ljóð: T. Connor

Íslensk þýðing: Hinrik Bjarnason

Ég sá mömmu kyssa jólasvein
við jólatréð í stofunni í gær.
Ég læddist létt á tá
til að líta gjafir á,
hún hélt ég væri steinsofandi
Stínu dúkku hjá.
Og ég sá mömmu kitla jólasvein
og jólasveinninn út um skeggið hlær.
Ja, sá hefði hlegið með,
hann pabbi minn hefði 'hann séð
mömmu kyssa jólasvein í gær.

Jólatrésskemmtun

Nú er Gunna á nýju skónum

Lag: Stephen C. Foster

Ljóð: Ragnar Jóhannesson

Nú er Gunna' á nýju skónum,
nú eru að koma jól,
Siggi er á síðum buxum,
Solla' á bláum kjól.

Mamma' er enn í eldhúsinu
eitthvað að fást við mat,
indæla steik hún er að færa
upp á stærðar fat.

Pabbi enn í ógnar basli
á með flibbann sinn:
„Fljótu, Siggi, finndu snöggvast
flibbannappinn minn!”

Kisu' er eitthvað órótt líka,
út fer brokkandi,
ilmurinn úr eldhúsinu
er svo lokkandi.

Á borðinu ótal böggjar standa,
bannað að gægjast í.
Kæru vinir, ósköp erfitt
er að hlýða því.

Jólasveinar einn og átta

Lag: Percy Montrose

Þjóðvísa

Jólasveinar einn og átta
ofan komu af fjöllumunum.
Í fyrrakvöld, þeir fóru að hátta,
fundu hann Jón á Völlumunum
Andrés stóð þar utan gátta,
það átti að færa hann tröllumunum.
En þá var hringt í Hólakirkju
öllum jólabjöllunum.



Babbi segir

Lag: Rússneskt lag

Ljóð: Benedikt Gröndal

Babbi segir, babbi segir:
"Bráðum koma dýrðleg jól".
Mamma segir, mamma segir:
"Magga fær þá nýjan kjól".
Hæ, hæ, ég hlakka til,
hann að fá og gjafirnar.
Bjart ljós og barnaspil,
borða sætar lummurnar.

Í skóginum stóð kofi einn

Lag: erlent, uppruni ókunnur

Ljóð: 1. erindi Hrefna Samúelsdóttir Tynes

2. erindi Gylfi Garðarsson

Í skóginum stóð kofi einn,
sat við gluggan jólasveinn,
þá kom lítið héraskinn
sem vildi komast inn:
„Jólasveinn, ég treysti' á þig,
veiðimaður skýtur mig.“
„Komdu litla héraskinn,
því ég er vinur þinn.“

En veiðimaður kofann fann,
jólasveinin spurði hann:
„Hefur þú séð héraskinn
hlaupa'um hagann þinn?“
„Hér er ekkert héraskott.
Hypja þú þig héðan brott.“
Veiðimaður burtu gekk,
og engan héra fékk.

Jólasveinar ganga um gólf

Lag: Friðrik Bjarnason
Þjóðvísa

Jólasveinar ganga um gátt
með gildan staf í hendi.
Móðir þeirra sópar gólf
og hýðir þá með vendi.

∴ Uppi á stól, stendur mín kanna,
nú nóttum fyrir jólf
þá kem ég til manna. ∴

Gekk ég yfir sjó og land

Danskt þjóðlag
Húsgangspýðing

Gekk ég yfir sjó og land,
hitti þar einn gamlan mann.
Sagði svo og spurði svo:
„Hvar átt þú heima?“

„Ég á heima' á Klapplandi,
Klapplandi, Klapplandi.
Ég á heima' á Klapplandi,
Klapplandinu góða!“

„Ég á heima' á Stapplandi...“

„Ég á heima' á Hopplandi...“

„Ég á heima' á Hlælandi...“

„Ég á heima' á Grátlandi...“

„Ég á heima' á Íslandi...“

Göngum við í kringum

Danskt þjóðlag
Húsgangspýðing

Göngum við í kringum einiberjarunn,
∴ einiberjarunn ∴
Göngum við í kringum einiberjarunn
snemma á mánudagsmorgni.

Svona gerum við er við þvolum okkar þvott,
∴ þvolum okkar þvott ∴
Svona gerum við er við þvolum okkar þvott
snemma á mánudagsmorgni.

Göngum við í kringum einiberjarunn...

... á þriðjudagsmorgni:
Vindum okkar þvott.

... á miðvikudagsmorgni:
Hengjum okkar þvott.

... á fimmtudagsmorgni:
Teygjum okkar þvott.

... á föstudagsmorgni:
Straujum okkar þvott.

... á laugardagsmorgni:
Skúrum okkar gólf.

... á sunnudagsmorgni:
Greiðum okkar hár.

... á sunnudagsmorgni:
Göngum kirkjugólf.

Adam átti syni sjö

Erlent lag
Þjóðvísa

Adam átti syni sjö,
sjö syni átti Adam.
Adam elskaði alla þá
og allir elskuðu Adam.
Hann sáði, hann sáði,
hann klappaði saman lófunum,
stappaði niður fótunum,
ruggaði sér í lendunum
og snéri sér í hring.